Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 12. desember 2023
2312695/999.00 ABS

Efni: Breyting á framlögum vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Lagt er til að neðangreind framlög vegna dvalar barna hjá dagforeldrum hækki frá 1. janúar 2024. Hækkun milli ára er 6,9% í samræmi við viðmið í fjárhagsáætlun 2024 um áætlaðar verðlags- og launahækkanir samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 2024.

Framlög vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári framlag vegna dvalar barna hjá dagforeldri. Ekki er greitt fyrir sumarleyfismánuði, júlí eða ágúst.

Skilyrði fyrir greiðslu framlags vegna barns hjá dagforeldri eru eftirfarandi:

- Barn sé með lögheimili í Kópavogi
- Barn sé slysatryggt hjá dagforeldri
- Fyrir liggi dvalarsamningur milli dagforeldris, foreldra og Kópavogsbæjar
- Viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum
- Barn njóti ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barnsins

Greiðslur geta hafist þegar barn hefur náð tíu mánaða aldri en sex mánaða aldri ef foreldri einstætt.

Einstæðir foreldrar, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi og öryrkjar með metna örorku 75% eða meira greiða lægra gjald og er framlag Kópavogsbæjar því hærra í þeim tilvikum.

Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftirá fyrir hverja önn. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi.

Kópavogsbær veitir 50% systkinaafslátt með öðru barni og 75% vegna þriðja barns ef um er að ræða systkini í dvöl hjá dagforeldri.

Framlög vegna barna að 15 mánaða aldri		
Dvalarstundir	**Almennt gjald**	**Einstæðir foreldrar, foreldrar í námi, öryrkjar**
4,0	46.987	57.496
4,5	52.862	64.684
5,0	58.735	71.871
5,5	64.608	79.058
6,0	70.483	86.245
6,5	76.356	93.432
7,0	82.230	100.618
7,5	88.103	107.806
8,0	93.977	114.993
8,5	93.977	114.993
9,0	93.977	114.993

Framlög vegna barna 15 mánaða og eldri		
Dvalarstundir	**Almennt gjald**	**Einstæðir foreldrar, foreldrar í námi, öryrkjar**
4,0	57.283	70.093
4,5	64.444	78.855
5,0	71.562	87.617
5,5	78.767	96.379
6,0	85.926	105.140
6,5	93.087	113.902
7,0	100.248	122.664
7,5	107.409	131.426
8,0	114.571	140.187
8,5	114.571	140.187
9,0	114.571	140.187

Breyting á framlögum tekur gildi 1. janúar 2024

Virðingarfyllst,

_____

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

_____

Sindri Sveinsson
Rekstrarstjóri menntasviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Kennitala: 2706685269
Tími: 12.12.2023 11:59
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sindri Sveinsson
Kennitala: 1108785169
Tími: 12.12.2023 12:27
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign